

um víti og reiðan og grimman guð, þurftum vér að brjóta niður bókstaflegan innblástur bíblíunnar, sem allar kenningar kyrkjunnar eru byggðar á, sem þær standa og falla með. Vér þóttumst þekkja svo vel skilning og greind þjóðar vorrar, að undir eins og mönnum væri bent á þetta, þá mundu menn sjá það, og þá mundi ástin til sannleikans vera svo rík hjá mönnum, að þeir mundu, konur sem karlar, drekka í sig þessar nýju hugmyndir, og þær mundu fegra, helga og göfga allt þeirra líf. Vér vonuðumst eftir því, að menn mundu nú kasta burtu öllum óhreinleika, fláttskap, lýgi, hræsni, hugleysi. Vér ætluðum að reyna að leggja vorn litla skerf til þess, að sól kærleikans, segurðarinnar og sannleikans gæti farið að lýsa upp mannlífið.

Pó að vér sæjum enga Sisyfusar steina á leiðinni, þá sáum vér þó baráttuna fyrir höndum, og hana harða og stranga, en vér treystum því, að vér gætum opnað augun á mönnum, svo að þeir færu að sjá það, sem vér sáum, og eg held oss hafi tekist það furðanlega. Oss brást ekki áliðið á löndum vorum hvað vitsmuni þeirra snerti. Það liggur lítill eða enginn efi á því, að hver sá, sem raunsakar og prófar þetta allt saman, eins og vér gjörðum, hann sér það glöggt, hvernig menn öldum saman hafa verið teymdir í háböndum heimsku og ofstrúar. Vér treystum því, að vér þyrftum ekki annað en benda mönnum á það, hvað væri satt og hvað væri ósatt, þá mundi ástin til sannleikans vera svo rík í hjarta hvers eins manns, að allt mundi ganga af sjálfsu sér,— menn mundu náttúrlega vilja fylgja sannleikanum en hafna lýginni, því að sannarlega mundu menn þó aldrei fara að tilbiðja og dýrka guðdómlega lýgi, eða með öðrum orðum, fara að bisast við að trúta því sem heilögum sannleika, sem þeir hefði áreiðanlega vissu fyrir, að væri ósannindi ein.

En eins og oft hendir ungan, þá rákum vér oss á það, að vér vorum börn í þessu, því að margir urðu þeir, sem lásu og rannsökuðu og skildu þetta allt saman, alveg eins og vér, en voru þó ekki með oss. Vér reyndum við þá, fjölda þeirra, á allar lundir, sem oss gat hugsast, en þeir voru harðir eins og steinar. Það voru þá svo ótalmörg atriði, sem hömluðu þeim frá, að gjörast félagar vorir. Það var þessi gamla saga: „Konu hefi eg